

Fundargerð stjórnar Fimleikasambands Íslands

3. fundur haldinn á skrifstofu FSÍ 9. 8. 2016 kl. 18:00

Fundinn sátu: Arnar Ólafsson, Kristín Ívarsdóttir, Jarprúður Hanna Jóhannsdóttir, Hrefna Hlín Sveinbjörnsdóttir, Þóra Margrét formaður laganevndar, Sigurður Hrafn Pétursson formaður tækninevndar karla, Hlíf Þorgeirsdóttir formaður nefndar um Fimleika fyrir alla, Íris Svavarsdóttir, Sólveig Jónsdóttir og Sæunn Viggósdóttir
Fundargerð ritaði: Sæunn Viggósdóttir

1. Ólympíuleikar – frumraun FSÍ á stóra sviðinu

Irina Sazonova var fyrst íslenskra fimleikakvenna til að keppa á Ólympíuleikunum. Tímamótaviðburður í íslenskri fimleikasögu. Við óskum Irinu, ásamt þjálfara hennar Vladimir Antonov og liðssjóra Berglindi Pétursdóttur til hamingju með frábæran árangur

2. Mannvirkjanefnd

Jón Þór Ólason sendi inn gamalt erindisbréf sem sent var út upprunalega 2013 og óskaði eftir því að nefndin yrði endurvakin.

Arnar bendir á skort á hlutverki/tilgangi nefndarinnar og að endurskilgreina þurfi hlutverk hennar.

Skrifstofa endurskilgreinir þau verkefni sem nefndin á að fast við og verður nýtt erindisbréf lagt fram síðar.

3. Fjáröflun fyrir hópfimleikalandsliðin

Kynnt var fjáröflun sem aðstaðendur keppenda sem eru að fara á EM í hópfimleikum í Slóveníu í haust standa fyrir. Með fjáröfluninni verður peningi safnað fyrir öll hópfimleikalandsliðin og mun hagnaðurinn deilast jafnt á alla keppendur landsliðanna.

Stjórn FSÍ fagnar þessu framtaki og samþykkir erindið. Skrifstofa mun aðstoða við markaðssetningu og halda utan um fjármálin.

4. Landsliðsval fyrir EM í hópfimleikum

Landslið Íslands í hópfimleikum verður kynnt á morgun.

5. Mótaskrá – drög

Íris kynnir ný drög af mótaskrá, það á eftir að leggja lokahönd á mótaskrána í samráði við tækninefndir.

6. Formannafundur – upplýsingafundur fyrir félög – dagsetningar



Fimleikasamband Íslands

Skrifstofa óskar eftir því að formannafundur FSÍ verði haldinn þann 16. september og þann 17. september verði haldinn upplýsingafundur fyrir félögin.

Samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:55

4. fundur stjórnar verður haldinn þann 29. ágúst kl. 18:00